

hann eins og hugboð sitt væri staðfest.

Hann fór þegar að unna Janek eins og hann væri sonur hans, hann tók hann upp á arma sér og kysti litla andlitið föla.

"Faðir þinn hefir farið burtu í langa ferð", sagði hann. "Þú átt nú að vera hérna hjá okkur á meðan, þangað til hann kemur aftur, og kalla mig þabba þinn. Viltu það, Janek?"

Vesalings barnsaugun litlu fylltust af tárur og með skjálfandi vörum fór drengurinn að kalla á föður sinn, sem nú var farinn burtu. En síðar tók hann handleggjunum um hálsinn á greifanum fast og lengi og sagði: "Ó, blessaður, láttu hann koma fljótt aftur, og á meðan skal Janek litli vera svo dæmalaust stiltur og góður, aldrei ólátast og aldrei gera neitt ljótt."

Eftir nokkrar klukkustundir var öll sorg gleymd og litli drengurinn ókunni lék sér í kring um greifann og kallaði hann á hverri stundu "þabba" sinn eins og hann hefði gert svo alla sína æfi.

Þannig varð Dynar greifi byl-haustnóttina fósturfaðir litla drengsins pólska. En að hann hefði tekið Janek sér í sonar stað, vissi enginn nema upp-reistarmaðurinn og guð almáttugur, en engin lifandi sál í Proczna-höllinni.

Tveim dögum eftir hriðarbylinn höfðu þeir setið saman, Dynar greifi og pólski maðurinn og hrest sig á vínflösku undir burtför pólska mannsins, því hann ætlaði á stað klukkan tíu um kvöldið.

Faðir Janeks studdi fallegu aðalsmanns-höndinni sinni á kristalsglasið rauða og saup þegjandi úr því burgundarvínið forna.

Alt í einu hóf hann augu sín og skarpleita andlitið föla horfði beint í augu greifans, og sagði:

"Það er undir guði einum komið, hvort eg get